



HÖRFUR Í EFNAHAGSMÁLUM HAGSPÁ ASÍ 2019-2021



OKTÓBER 2019





Inngangur

Efnahagslífið hægir nú á sér eftir lengsta samfellda hagvaxtarskeið í manna minnum. Aðlögun hagkerfisins var viðbúin en gjaldþrot WOW air síðastliðið vor markaði skarpari skil í efnahagsþróunina þótt afleiðingarnar hafi góðu heilli verið minni en óttast var í fyrstu. Samkvæmt nýrri spá hagdeildar ASÍ til næstu tveggja ára sem hér er birt er fram undan skammvinnt samdráttarskeið með lítils háttar samdrætti í landsframleiðslu á þessu ári en viðsnúningi þegar á því næsta. Geta heimila og fyrirtækja til að takast á við stöðuna nú er hins vegar almennt allt önnur og betri en í síðustu niðursveiflu. Sama má segja um getu stjórnvalda og Seðlabankans til að bregðast við með því að beita stjórnþækjum peningamála og fjármálastefnu. Stjórnvöld hafa nú rými og ráðrúm til að stíga inn með enn ákveðnari hætti og fjárfesta í vanræktum félagslegum og efnislegum innviðum sem styðja við framtíðarlífskjör, réttlátar umbreytingar á vinnumarkaði og vinna gegn hamfarahlýnun.

Horfur á vinnumarkaði hafa versnað eftir því sem liðið hefur á árið og útlit fyrir að svo verði áfram. Um sjö þúsund manns eru nú án atvinnu samkvæmt skráningu Vinnumálastofnunar og hefur þeim fjölgað um ríflega 2.500 frá sama tíma í fyrra. Hátt í þúsund manns hafa misst atvinnu í hópuppsögnum það sem af er ári auk þeirra 1.100 sem misstu starf sitt við fall WOW air. Þetta er áhyggjuefni. Ásýnd íslensks vinnumarkaðar hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum og hér eru nú starfandi tæplega fjórtíu þúsund manns af erlendum uppruna. Án aðkomu þessa hóps hefði íslensku atvinnulífi reynst ómögulegt að manna störf á síðustu árum og svo verður áfram en tölurnar segja okkur að erlent starfsfólk er mun útsettara fyrir atvinnumissi en aðrir hópar. Samfélaginu ber skylda til að mæta þessum hópi, styðja og þjónusta með raunverulegum vinnumarkaðsaðgerðum sem bæta stöðu þeirra til lengri tíma. Það umrót sem nú birtist á vinnumarkaði er hins vegar ekki einvörðungu til komið vegna breytinga á efnahagsástandinu þótt það kunni í ákveðnum tilvikum að flýta fyrir. Vinnumarkaðurinn stendur í miðju umbreytingarferli vegna tæknibreytinga sem oft eru kenndar við fjórðu iðnbyltinguna og áhrif hennar birtast okkur nú æ skýrara og á fleiri sviðum. Að takast á við þessar umbreytingar er og verður eitt af stóru verkefnum næstu ára og áratuga.

Staðreyndin er sú að þeir hópar sem skildir voru eftir í uppsveiflu síðustu ára, m.a. vegna mismununar á húsnæðismarkaði, eru þeir sömu og eiga í mestri hættu á að missa atvinnuna í niðursveiflu og verða illa fyrir barðinu á umbreytingum á vinnumarkaði. Aðgerðir til að tryggja að umskiptin gerist á forsendum launafólks með jöfnuði og réttlæti að leiðarljósi eru þess vegna ekki viðfangsefni framtíðarinnar heldur meðal mikilvægustu verkefna dagsins í dag. Stuðningur, afkomuöryggi og tækifæri til starfsþróunar og menntunar eru lykilþættir við að tryggja réttlát umskipti á vinnumarkaði og þar höfum við verk að vinna. Hvernig til tekst við þetta mun án efa ráða miklu um lífsgæði okkar og samkeppnishæfni til framtíðar.



EFNISYFIRLIT

Inngangur	2
Helstu atriði	4
Breyttar aðstæður í ferðaþjónustu	6
Hægir á vexti einkaneyslu	8
Fjárfestingastigið við langtímameðaltal	12
Ró færir yfir húsnæðismarkað	13
Opinber fjárfesting eykst á spátímanum	14
Verðbólguhorfur batnað og vextir lækkað	16
Vinumarkaður lagar sig að óvissu	18



Helstu atriði

Eftir átta ára samfelld hagvaxtarskeið er útlit fyrir lítils háttar og skammvinnan samdrátt í landsframleiðslu á þessu ári. Þegar á næsta ári tekur hagkerfið við sér að nýju samkvæmt nýrri spá hagdeildar ASÍ um efnahagshorfur á árunum 2019–2021. Talsverð óvissa ríkir um efnahagsþróun á næsta ári s.s. um þróun á alþjóðavísu og í innlendri ferðaþjónustu en útlit er fyrir að ágætis vöxtur þjóðarútgjalda drífi viðsnúning á næsta ári og þökkalegan vöxt á árinu 2021.

Horfur í efnahagslífinu breyttust verulega, sem birtist sérstakleg við gjaldþrot lággjaldaflugfélagsins WOW air, og þó áhrifin til skemmri tíma hafi verið mildari en óttast var í fyrstu ríkir enn nokkur óvissa um afleiðingarnar til lengri tíma og þar með áhrifin á síðari hluta spátímans.

Landsframleiðsla dregst samkvæmt spánni saman um 0,3% á þessu ári sem skýrist bæði af verulegum samdrætti í útflutningi og minni þjóðarútgjöldum. Raungerist spá hagdeildar má búast við hægum vexti á næsta ári, 0,6%, en að umsvif í hagkerfinu fari vaxandi á árinu 2021 og þá verði hagvöxtur 2,3%.

SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

Hlutfallsleg breyting	Í ma.kr.		Spá		
	2018	2018	2019	2020	2021
Einkaneysla	1.421,8	4,7	1,6	1,6	2,6
Samneysla	667,0	3,5	2,7	2,6	2,6
Fjármunamyndun	628,4	4,0	-7,4	2,3	1,1
þar af atvinnuvegir	398,1	-4,1	-18,0	3,9	-1,0
þar af húsnæði	121,3	16,3	22,8	1,6	4,0
þar af hið opinbera	109,0	28,3	5,4	3,0	5,1
Þjóðarútgjöld	2.728,0	4,6	-0,9	2,2	2,3
Útflutningur	1.324,4	1,7	-5,1	0,1	2,5
Innflutningur	1.240,4	0,8	-6,6	3,6	2,7
Landsframleiðsla	2.812,0	4,8	-0,3	0,6	2,3
Verðbólga ¹		2,7	3,0	2,8	2,6
Atvinnuleysi ²		2,4	3,5	4,2	4,2
Gengisvísitala ³		167	181	181	181
Vöru- og þjónustujöfnuður ⁴		3,0	3,4	1,5	1,7

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala


² Skráð atvinnuleysi, hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframleiðslu

Spáin er háð nokkurri óvissu, m.a. um alþjóðlega efnahagsframvindu en einnig er óvissa um viðbrögð heimila og fyrirtækja við dekkri efnahagshorfum sem gætu leitt til þess að neysla og fjárfesting fyrirtækja sé ofmetin um þessar mundir. Staða heimilanna er þó sterk á marga mælikvarða og eru þau almennt í stöðu til að mæta breyttum aðstæðum í efnahagslífinu eftir vöxt kaupmáttar og lækkun skulda á síðustu árum.

Mynd 1. Hagvöxtur



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Ferðamönnum fækkaði um 12% á fyrri helmingi ársins og áhrifin af gjaldþroti WOW air sjást skýrt í samdrætti í útflutningi á þessu ári. Útflutningur dregst samkvæmt spánni saman um 5,1% á þessu ári og verður nær óbreyttur á því næsta. Viðsnúningur verður á árinu 2021 samhliða fjölgun ferðamanna og útflutningur eykst á ný, um 2,5%.

Það hægir á vexti einkaneyslunnar á spátímanum samhliða vaxandi óvissu og minni vexti ráðstöfunartekna. Vöxtur einkaneyslunnar verður engu að síður þokkalegur, um 1,6% í ár og því næsta, síðan um 2,6% á árinu 2021. Fjárhagsstaða heimilanna er sterk, skuldastaða góð og heimilin njóta góðs af lækkun vaxta og tekjuskattslækkun á næstu tveimur árum. Þó þarf að huga betur að stöðu heimila á leigumarkaði, þ.e. tekjulágra, ungs fólks og erlends launafólks. Fækkun starfa í ferðaþjónustu og tengdum greinum gæti komið hart niður á þessum hópum. Leigjendur búa frekar við íþyngjandi húsnæðiskostnað og eru ekki í aðstöðu til að draga úr húsnæðiskostnaði með endurfjármögnun lána á lægri vöxtum.

Talsvert hefur farið fyrir hópuppsögnum á árinu og er sú þróun áhyggjuefni. Atvinnuleysi hefur aukist milli ára og meðal þeirra sem eldri eru hefur dregið úr atvinnuþátttöku ásamt því að hægt hefur mjög á fjölgun starfa. Aðlögun á sér stað á vinnumarkaði nú þegar spenna hverfur úr hagkerfinu og vinnuafleifirspurn fer minnkandi. Atvinnuleysi fer því vaxandi í vetur og verður samkvæmt spánni 3,5% á þessu ári og 4,2% á árunum 2020–2021.

Fjármunamyndun dregst saman á árinu, um 7,4%, og er það í fyrsta sinn frá hrúni sem heildarfjárfesting minnkar milli ára. Samdráttur í fjármunamyndun skýrist af minni fjárfestingu atvinnuvega, en á sama tíma eykst fjárfesting í íbúðum og hjá hinu opinbera. Fjárfestingastigið helst nokkuð stöðugt en lækkar þó lítillega á spátímanum, reiknað er með að það verði 21,5% af vergri landsframleiðslu árið 2021.


Verðbólga fer lækkandi yfir spátímann samkvæmt spánni, mælist 3% á þessu ári og verður að jafnaði 2,7% á árunum 2020–2021. Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði samræmdust verðstöðugleika og sköpuðu forsendur fyrir vaxtalækkunum Seðlabankans. Húsnæðisverð hefur minni áhrif á vísitölu neysliverðs á næstu misserum en verulega hefur dregið úr spennu á húsnæðismarkaði. Verðbólguþátturinn er þó háð stöðugu gengi krónunnar, frekari veiking myndi setja þrýsting á hækkun verðlags.

Sú grunnsviðsmynd sem dregin er upp í spánni felur í sér mjúka landingu eftir langt hagvaxtartímabil. Ytri þættir á borð við þróun heimshagkerfisins gætu þó haft nokkur áhrif á horfur í útflutningi þar sem versnandi horfur gætu dregið úr hagvexti. Óvissa er einnig um þróun og viðnámsþrótt innlendrar eftirspurnar, sér í lagi fjárfestinga atvinnuvega.

Breyttar aðstæður í ferðaþjónustu

Veruleg breyting varð á horfum í ferðaþjónustu þegar tilkynnt var um gjaldþrot lággjaldaflugfélagsins WOW air í lok síðastliðins marsmánaðar. Erfið staða félagsins hafði verið mikið til umræðu í fyrravetur og mikil óvissa ríkti um afdrif þess á fyrstu mánuðum þessa árs. Þótt viðbúið hafi verið að hægja tæki á gríðarlegum vexti ferðaþjónustunnar og merki um það hafi sést þegar á síðasta ári var ljóst að gjaldþrot flugfélagsins hefði veruleg neikvæð áhrif á efnahagslífið a.m.k. til skemmri tíma. Um 1.100 manns störfuðu hjá félaginu sem flutti 3,8 milljónir farþega á árinu 2018, eða um þriðjung af heildarfjölda farþega sem fór um Keflavíkurflugvöll það ár. Mikil óvissa skapaðist í kjölfarið um afleiðingar gjaldþrotsins á ferðaþjónustuna og hvort önnur flugfélög brygðust við með auknu framboði flugsæta.


Mynd 2. Meðalfjöldi ferðamanna



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 3. Fjöldi ferðamanna

Vöxtur á fyrri hluta árs




Áhrif af falli WOW komu fram strax í apríl þegar dró úr brottförum erlendra ferðamanna um 18% miðað við sama tíma árið áður, eða um 27 þús. ferðamanna. Það er mun meiri fækkun ferðamanna en á fyrsta ársfjórðungi þegar ferðamönnum fækkaði um 4,7% borið saman við sama tímabil árið áður. Fækkunin var einnig umtalsverð á öðrum ársfjórðungi þegar brottförum erlendra ferðamanna fækkaði um nær fimmtung, eða um 100 þúsund manns frá sama tímabili árið áður. Áhrif af samdrætti í ferðaþjónustu koma víða fram en skýr ummerki má sjá á vinnumarkaði þar sem atvinnuleysi hefur farið vaxandi og atvinnuþáttaka minnkað á síðustu mánuðum. Hratt dró úr fjölgun starfandi í einkennandi greinum ferðaþjónustu á síðasta ári og á þessu ári hefur starfandi einstaklingum í ferðaþjónustu fækkað milli ára.

Heildaráhrif af gjaldþroti WOW air virðast þó til skemmri tíma vera minni en ætla mátti miðað við umfangið á fækkun ferðamanna. Það skýrist meðal annars af því að stór hluti farþega hins fallna félags voru tengifarþegar sem dvöldu ekki hér á landi auk þess sem önnur flugfélög hafa breytt leiðarkerfum sínum og aukið framboð flugsæta markvisst til að fjölga ferðamönnum sem dvelja á Íslandi. Þetta hefur meðal annars leitt til þess að dvalartími ferðamanna hefur lengst að nýju og því hefur fylgt aukin neysla þeirra ferðamanna sem koma til landsins.

Þó áhrifin til skemmri tíma hafi verið mildari en óttast var í fyrstu er ljóst að nokkur óvissa ríkir um stöðu ferðaþjónustunnar til næstu ára. Í nýbirtum *Fjármálastöðugleika*¹ Seðlabanka Íslands er meðal annars bent á áhættuþætti sem beinast að ferðaþjónustunni. Þannig hafa efnahagshorfur í helstu viðskiptalöndum versnað, dregið hefur úr sætaframboði til landsins auk þess sem vísbendingar eru um minni áhuga á heimsóknum hingað til lands sem m.a. birtist í að færri leita upplýsinga um landið á Google. Enn fremur bendir Seðlabankinn á að fyrirtækjum úr ferðaþjónustu hafi fjölgað á vanskilaskrá undanfarið, um 15% aukning á síðustu tólf mánuðum. Á sama tíma hefur meðalfjöldun á vanskilaskrá einungis verið 4% ef allar atvinnugreinar eru skoðaðar.

Mynd 4. Þjónustuútflytningur - breyting milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands

Útflutningur jókst á fyrsta ársfjórðungi þessa árs, litið á fyrri helming ársins mældist 2,8% samdráttur. Tölur um útflutning á fyrsta ársfjórðungi eru að einhverju leyti villandi í ljósi þess að sala á flugvélum úr flota WOW air skýra að hluta vöxt í vöruútflutningi. Sé litið til útfluttrar þjónustu dróst hún saman um 7,5% á fyrsta ársfjórðungi og 10,5% á öðrum ársfjórðungi en þetta er í fyrsta sinn frá árinu 2008 sem þjónustuútflytningur dregst saman á fyrri hluta árs.

Framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar er þó jákvæðara en búast mátti við vegna minni innflutnings á árinu. Á fyrri helmingi ársins dróst innflutningur saman um 9,2%, þar af vöruinnflutningur um 10,6%. Þetta skýrist m.a. af samdrætti í stórkaupum heimila. Nefna má að dregið hefur úr innflutningi fólksbíla um þriðjung á fyrstu átta mánuðum ársins samanborið við árið áður þegar litið er á innflutningsverðmæti. Eins hefur innflutningur á sjónvörpum minnkað um tæplega helming. Jafnframt eru vísbendingar um að hægt hafi á innflutningi á fjárfestingavörum á síðari hluta ársins.

Samkvæmt spá hagdeildar dregst útflutningur saman á þessu ári um 5,1%, sem er í fyrsta sinn frá árinu 2006 sem samdráttur verður í útflutningi, líkt og fyrr segir munar mestu um mikinn samdrátt í útfluttri þjónustu. Gert er ráð fyrir takmörkuðum vexti útflutnings á næsta ári, einungis 0,1%, en á árinu 2021 er spáð þokkalegum vexti, um 2,5%. Skýrist hann af því að ferðaþjónusta tekur aftur við sér. Innflutningur dregst einnig saman á þessu ári, um 6,6%, og að jafnaði um 3,2% á árunum 2020–2021. Þróunin verður

¹ Fjármálastöðugleiki 02/2019.

til þess að draga mun úr afgangi af vöru- og þjónustuviðskiptum sem verður þó áfram jákvæður. Spáð er að afgangur verði 3,4% á þessu ári og að jafnaði 1,6% á árunum 2020–2021.


Hægir á vexti einkaneyslu

Neysla heimilanna hefur vaxið þónokkuð undanfarin ár en hægt hefur verulega á henni undanfarið. Á síðasta ári jókst einkaneysla um 4,7% og á árunum 2016–2017 var vöxturinn að jafnaði um 7,6% á ári. Vöxtur einkaneyslunnar hélst í hendur við jákvæða þróun í efnahagslífinu, þar sem bætt fjárhagsstaða heimilanna, gott atvinnuástand og hagfelld launaþróun hafa skapað forsendur fyrir aukinni einkaneyslu. Aðstæður í efnahagslífinu hafa hins vegar breyst í kjölfar gjaldþrots WOW air og hrinu hópuppsagna í sumarlok. Óvissa hefur þannig aukist og hagvísar benda nú til þess að hægja muni á vexti á einkaneyslu sem verður þó jákvæð allt spátímabilið.

Hægt hefur á vexti ráðstöfunartekna, á síðasta ári jukust ráðstöfunartekjur á mann um 4,8%, um 2% ef litið er til kaupmáttar. Þetta er umtalsvert hægari vöxtur en árin 2014–2017 þegar kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann jókst að jafnaði um 5,6% á ári. Fjárhagsstaða heimilanna er almennt góð. Skuldir sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hafa ekki verið lægri frá því á árunum fyrir hrun. Jafnframt hafa mörg skuldsett heimili notið góðs af vaxtalækkunum með því að endurfjármagna húsnæðislán til að hraða niðurgreiðslu eða lækka greiðslubyrði. Vöxtur einkaneyslunnar hefur þróast í takt við bættu fjárhagsstöðu heimila og aukin neysla síður fjármögnuð með skuldsetningu en sást í aðdraganda hrunsins. Seðlabankinn hefur t.d. bent á að heimilin séu nú vel í stakk búin til að mæta hægari vexti í efnahagslífinu.

Alþýðusambandið hefur ítrekað bent á það á undanförunum árum að staða fólks á húsnæðismarkaði ráði miklu um það hvort uppsveifla síðustu ára hafi skilað sér í bættem kjörum. Leigjendur og þeir sem eru nýir á húsnæðismarkaði standa verst. Leiguverð hefur hækkað umfram launahækkanir undanfarin ár og aukið byrði húsnæðiskostnaðar, framboð leiguhúsnæðis verið takmarkað og húsnæðisöryggi lítið. Fjölmennustu hóparnir á leigumarkaði eru ungt fólk, tekjulágir og erlent launafólk en sá hópur kann jafnframt að vera berskjaldaðri fyrir niðursveiflu í ferðaþjónustu og útflutningsgreinum. Á sama tíma hefur eignastaða þeirra sem eiga húsnæði batnað verulega með hækkunum á húsnæðisverði á undanförunum árum um leið og því að vextir hafa lækkað. Þannig hafa margir haft tækifæri til að lækka greiðslubyrði.

Mynd 5. Þróun launa og ráðstöfunartekna




Heimild: Hagstofa Íslands



Ferðalög Íslendinga og kaup á varanlegum neysluvörum hafa aukist verulega á síðustu árum. Á tímabilinu 2015–2017 jukust útgjöld til hótela og veitingastaða um 17% að jafnaði á ári, kaup á raftækjum um 18% og bílakaup um 38%. Skýrar vísbendingar eru um að hægt hafi verulega á vexti slíkra útgjalda. Á síðasta ári drógust bílakaup t.a.m. saman um 10% og kaup á raftækjum jukust einungis um 1,6%. Einnig var minni aukning á ferðalögum á síðasta ári þegar brottförum Íslendinga fjölgaði um 7,9%, borið saman við 15% aukningu árið áður.

Mynd 6. Væntingavísitala Gallup



Heimild: Gallup, Seðlabanki Íslands

Á spátímabilinu er útlit fyrir hóflega aukningu á einkaneyslu en sú þróun er ekki óvænt í ljósi stöðu efnahagslífsins. Hóflegur vöxtur kaupmáttar og vísbendingar um væntingar heimilanna gefa til kynna að heimilin muni sýna varkárni á næstu misserum. Væntingavísitala Gallup lækkaði skarpt á síðasta ári, bæði mat á núverandi stöðu og á horfum til sex mánaða. Stórkaupavísitölur hafa einnig lækkað ef frá eru talin fyrirhuguð húsnæðis kaup heimilanna. Vísitölur fyrirhugaðra stórkaupa, bifreiðakaupa og utanlandsferða benda til að draga muni úr þeim útgjöldum á komandi misserum.

Lífskjarasamningur – Rammagrein

Þann 3. apríl voru kjarasamningar verka- og verslunarfólks á almennum vinnumarkaði undirritaðir. Samningarnir sem gilda til 1. nóvember 2022 mættu ólíkum sjónarmiðum launafólks og atvinnurekenda, m.a. um að svigrúmi til launahækkana yrði beint að tekjulægstu hópunum og að samningarnir sköpuðu forsendur fyrir vaxtalækkunum, verðstöðugleika og bættri samkeppnishæfni. Niðurstaðan var krónutöluhækkanir, annars vegar almennar hækkanir og hins vegar sérstakar hækkanir á taxta.

	Almenn hækkun	Hækkun kauptaxta
1.apr.19	17.000	17.000
1.apr.20	18.000	24.000
1.jan.21	15.750	24.000
1.jan.22	17.250	25.000

Þann 1. apríl hækkuðu laun og kauptaxtar um 17.000 kr. á mánuði. Á næsta ári og út samningstímamann verða taxtahækkanir meiri en almennar hækkanir launa.

Mikilvægi aðkomu stjórnvalda

Samtal milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda stóð yfir allan fyrravetur en kjarasamningar voru lausir frá áramótum. Viðræðurnar voru að mörgu leyti flóknar. Óvissa jókst í efnahagslífi, verðbólga var tekin að aukast og þrátt fyrir töluverðan vöxt kaupmáttar launa á undanförunum árum bar mikið í milli aðila. Skýringin lá ekki síst í slæmri stöðu á húsnæðismarkaði og aukinni skattbyrði lægstu launa sem étið hafði upp stóran hluta þess árangurs sem náðst hafði í hækkun lægstu launa á undanförunum árum. Erlendum félagsmönnum fjölgaði á vinnumarkaði og fleiri félagsmenn voru á leigumarkaði þar sem leiguverð hækkaði umfram launaþróun um margra ára skeið. Á sama tíma kom þróun skattkerfis og tilfærslukerfa illa niður á tekjulægri hópum. Þannig benti Alþýðusambandið á hvernig veiking barna- og húsnæðisbóta og þróun tekjuskattkerfisins þyngdi skattbyrði hinna tekjulægstu langt umfram aðra hópa á undanförunum áratugum². Ljóst var að þessi þróun hafði mikil áhrif á kröfugerðir félaga og aðkoma ríkisins því nauðsynleg til að höggva á hnútinn í kjaraviðræðum.

Í yfirlýsingu stjórnvalda tengdri kjarasamningum má finna 42 aðgerðir m.a. í skatta-, húsnæðis- og félagsmálum. Meðal aðgerða eru aukin stofnframlög til að tryggja fjármögnun 1.800 íbúða fyrir tekjulága í almenna íbúðakerfinu. Stórfelldar breytingar á skattkerfinu, þar sem skattþrepum verður fjölgað með nýju lágtekjuþrepi og nýju viðmiði persónuafsláttar sem á að koma í veg fyrir raunskattskrið til lengri tíma. Fæðingarorlof lengist úr 9 mánuðum í 10 í byrjun árs 2020 og svo aftur í 12 mánuði í byrjun árs 2021 auk þess sem skerðingarmörk barnabóta hækka.

Ólíklegt að hagvaxtarauki taki gildi

Í lífskjarasamningnum er að finna sérstakt ákvæði um hagvaxtarauka sem á að tryggja launafólki hlutdeild í aukinni verðmætasköpun á samningstímanum. Grunnlaunahækkanir í samningnum eru hóflegar til að stuðla að vaxtalækkunum, verðstöðugleika og til að mæta sjónarmiðum um óvissu og samdrátt í efnahagslífi. Á móti er þar að finna ákvæði um hagvaxtarauka, en það felur í sér að verði hagvöxtur á mann umfram 1% greiðist launaauki á almenn laun og kauptaxta frá 1. maí ár hvert. Launaaukinn er í þrepum, sem taka mið af þróun vergrar landsframleiðslu á hvern íbúa. Hann getur hæst orðið 13.000 kr. á kauptaxta og 9.750 á mánaðarlaun verði hagvöxtur á íbúa hærri en 3%.

Hagvöxtur á mann	Hagvaxtarauki á kauptaxta	Hagvaxtarauki á laun
1,0 - 1,5%	3.000 kr.	2.250 kr.
1,51 - 2,00%	5.500 kr.	4.125 kr.
2,01 - 2,50%	8.000 kr.	6.000 kr.
2,51 - 3,00%	10.500 kr.	7.875 kr.
> 3,00%	13.000 kr.	9.750 kr.

Miðað við núverandi efnahagshorfur er ekki útlit fyrir að hagvaxtaraukinn komi til framkvæmda á spátímanum. Sé horft á hagvaxtarspár og spár um þróun mannfjölda er líklegt að hagvöxtur á mann mælist takmarkaður á næstu árum. Samkvæmt miðspá Hagstofunnar um mannfjöldaðróun er gert ráð fyrir að fjölgun verði um 1,1% á næsta ári og um 2% árið 2021. Ef mannfjöldaspá Hagstofunnar og spá ASÍ um hagvöxt raungerast kemur hagvaxtarauki kjarasamninga ekki til framkvæmda.

² Sjá skýrslu hagdeildar ASÍ, <https://www.asi.is/media/313671/skattbyrði-launafolks-1998-2016.pdf>




Hagvöxtur á mann



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Mynd 7. Einkaneysla - Breyting milli ára




Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Spá 2019
Spá 2020
Spá 2021

Þrátt fyrir aukna óvissu og hóflegri væntingar heimila mældist þónokkur vöxtur í einkaneyslu á fyrri helmingi þessa árs, eða 2,2% milli ára. Góð undirliggjandi fjárhagsstaða heimilanna gerir þeim kleift að halda uppi neysluútgjöldum en merki eru þó um að hægja muni á vextinum, t.d. í hægari vexti kortaveltunnar undanfarið. Samkvæmt spá hagdeildar mun einkaneysla aukast um 1,6% á þessu ári, sem endar í um 1% vexti á síðari helmingi ársins. Spáin gerir einnig ráð fyrir að vöxtur á næsta ári verði hóflegur, 1,6%, en taki að aukast á síðari hluta ársins og verði þokkalegur á árinu 2021, eða 2,6%.

Fjárfestingastigið við langtímameðaltal

Mynd 8. Fjármunamyndun



Útlit er fyrir að fjármunamyndun dragist saman á þessu ári og er það í fyrsta sinn frá hruni sem samdráttur mælist í fjárfestingum. Fjárfesting atvinnuveganna var megindrifkraftur fjármunamyndunar skömmu eftir hrun og á árunum 2014–2016 jukust fjárfestingar atvinnuveganna að jafnaði um 23% á ári. Þegar hægði á vexti atvinnuvegafjárfestinga jókst á móti íbúðafjárfesting ásamt fjárfestingu hins opinbera. Hefur fjárfestingastigið því haldist nokkuð stöðugt í kringum langtímajafnvægi frá árinu 2015, eða um 21% af VLF.


Samkvæmt spá hagdeildar dregur úr fjármunamyndun á þessu ári, um 7,4%, og verður fjárfesting á bilinu 21–22% af vergri landsframleiðslu á spátímabilinu. Samdráttur í fjármunamyndun á þessu ári skýrist af minni fjárfestingum atvinnuvega en áfram verður umtalsverður vöxtur í íbúðafjárfestingu og fjárfestingu hins opinbera.

Fjárfesting atvinnuvega dróst saman á síðasta ári um 4,1% og benda tölur á fyrri hluta þessa árs til þess að töluverður samdráttur verði á þessu ári. Á fyrsta ársfjórðungi dróst fjárfesting atvinnuvega saman um 35% og á öðrum ársfjórðungi um 27%, sem er um þriðjungs samdráttur á fyrri helmingi árs. Könnun Samtaka atvinnulífsins á væntingum³ meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins bendir til þess að fjárfesting dragist saman í öllum greinum, ef frá er talinn sjávarútvegur, og þá sérstaklega í ferðaþjónustu og mannvirkjagerð. Seðlabankinn bendir jafnframt á að verulega hafi dregið úr því að fyrirtæki bæti við nýjum lánnum og því nokkur óvissa um horfur atvinnuvegafjárfestinga. Spá hagdeildar gerir ráð fyrir að atvinnuvegafjárfesting aukist um 3,9% á næsta ári og dragist saman um 1% árið 2021.

³ <https://sa.is/frettatengt/frettir/stjornendur-400-staerstu-stodugt-astand>

Ró færir yfir húsnæðismarkað

Mynd 9. Þróun húsnæðisverðs




Heimild: Seðlabanki Íslands

Mjög hefur dregið úr spennu á húsnæðismarkaði undanfarin misseri. Húsnæðisverð hækkaði að jafnaði um 6,2% á síðasta ári og á fyrstu 8 mánuðum þessa árs nam hækkunin 3,9%. Hækkun raunverðs hefur verið öllu minni, 3,5% á síðasta ári og einungis 0,7% það sem af er þessu ári. Þetta er mikil breyting frá árinu 2017, þegar húsnæðisverð hækkaði um nærri fimmtung milli ára. Aðstæður þá skýrðust meðal annars af vaxandi eftirspurn, vegna lýðfræðilegra þátta, mannfjölgunar, aðflutnings erlends launafólks og stórum árgöngum ungra kaupenda. Einnig er líklegt að ásókn í húsnæði tengdu ferðaþjónustu og skammtímaleigu hafi drifið verðhækkanir. Á framboðshliðinni ríkti skortur, lítið hafði verið byggt frá hruni og eignir seldust hratt og gjarnan yfir ásettu verði.

Það er mat Íbúðalánasjóðs að fasteignamarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hafi færst nær jafnvægi á síðustu tveimur árum⁴. Á því gæti þó orðið breyting á næstu misserum. Efnahagsleg óvissa hefur aukist og útlit fyrir að framboð nýrra íbúða aukist mikið á næstu árum. Samkvæmt mati Samtaka iðnaðarins koma samtals nær 7 þúsund nýjar íbúðir á markað á næstu þrem árum. Húsnæðismarkaðurinn er sérstakt umfjöllunarefni í nýbirtum *Fjármálastöðugleika* en þar er bent á að nýbyggingar seljist hægar en áður, sérstaklega miðsvæðis í Reykjavík.

⁴ <https://www.ils.is/um-okkur/frettir/frett/2019/08/08/Husnaedismarkadurinn-Manadarskyrsla-agust-2019/>

Mynd 10. Framboð íbúða




Heimild: Hagstofa Íslands og áætlun SI

Umtalsverður fjöldi nýrra íbúða kemur á markaðinn á næstu árum. Aukin óvissa kann að hafa neikvæð áhrif á eftirspurn til skemmri tíma en á móti hafa vextir lækkað og lánakjör batnað. Dragi hins vegar úr eftirspurn samhliða þessari miklu framboðsaukningu kann aðlögun að eiga sér stað í gegnum verðið, sér í lagi á nýju húsnæði og miðsvæðis í Reykjavík.

Mikil aukning í íbúðafjárfestingu mældist á fyrri helmingi árs, eða 31%, og samkvæmt spá hagdeildar verður 22,8% vöxtur á þessu ári. Vöxtur í íbúðafjárfestingu verður umtalsvert hægari á árunum 2020–2021, að jafnaði um 3% á ári.

Opinber fjárfesting eykst á spátímanum

Mynd 11. Fjárfesting hins opinbera



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ



Opinber fjárfesting hefur að jafnaði aukist um fjórðung á ári undanfarin tvö ár og er áfram gert ráð fyrir aukningu í ár. Opinber fjárfesting dróst verulega saman í kjölfar efnahagshrunsins og mikilvægt að hafa í huga að vöxturinn nú er frá lágum grunni, en sem hlutfall af vergri landsframleiðslu var opinber fjárfesting um 2,8% á árunum 2010–2017 sem er sögulegt lágmark. Því er ljóst að til staðar er veruleg uppsöfnuð fjárfestingarþörf, ekki einungis vegna lítilla fjárfestinga og viðhalds, heldur einnig til að mæta mannfjölgun og fjölgun ferðamanna hér á landi.

Aukin fjárfesting ríkisins var boðuð í fjármálaáætlun. Framlög til Vegagerðarinnar verða stóraukin en þau eru hluti af sérstöku átaki í samgöngumálum á árunum 2019–2021. Meðal annars stendur til að sú fjárfesting verði fjármögnuð með arðgreiðslum fjármálafyrirtækja og veggjöldum. Aukin fjárfesting í samgönguinnviðum greindist í þjóðhagsreikningum síðasta árs þegar fjárfesting í vegum og brúm jókst um 60% og fjárfesting í götum og holræsum um 33%.

Samgönguinnviðir vega áfram þýngst í fjárfestingu ríkisins, gert er ráð fyrir 28 milljörðum til fjárfestinga á því sviði á næsta ári. Þá hyggst ríkið ráðast á fullt í byggingu sjúkrahúss á lóð Landspítalans, kaup á þyrlum fyrir Landhelgisgæsluna, smíði nýs skips fyrir Hafrannsóknastofnun og byggingu Húss íslenskunnar.

Í heildina gerir spá hagdeildar ráð fyrir því að fjárfesting hins opinbera aukist á spátímanum og verði 4,4% af vergri landsframleiðslu í lok spátímans. Samkvæmt spánni verður 5,4% vöxtur á opinberri fjárfestingu á þessu ári og 4% að meðaltali á árunum 2020–2021. Þrátt fyrir boðað átak í fjárfestingum og stórum verkefnum fram undan er útlit fyrir að fjárfestingastig hins opinbera nái ekki meðaltali árána 1997–2009 á spátímanum.

Að mæla hagsæld og velsæld

Hagvöxtur, mældur sem breyting á landsframleiðslu frá einu ári til annars, er sá hagvísir sem jafnan hefur verið horft hvað mest til þegar meta á efnahagslega velgengni þjóða. Á síðustu árum hafa umræður um takmarkanir á hagvexti sem mælikvarða á velsæld og lífsgæði hins vegar farið vaxandi. Mæling á hagvexti getur vissulega sagt okkur ákveðna sögu um þau verðmæti sem verða til í samfélaginu á hverjum tíma. En sú mæling segir okkur hins vegar ekkert um það með hvaða hætti þau verðmæti skiptast á milli mismunandi hópa í samfélaginu eða hver tilkostnaður er fyrir umhverfið. Hagvöxtur er ekki heldur mælikvarði á lífsgæði, hamingju eða öryggi þjóða eða þjóðfélagsþróun. Þannig höfum við t.a.m. nýlegt dæmi af miklu hagvaxtarskeiði þar sem ójöfnuður fór vaxandi, kolefnisútblástur jókst, traust til stofnana dvínaði og húsnæðisöryggi minnkaði. Fræðimenn, stjórnvöld og alþjóðastofnanir hafa á undanförunum árum í auknum mæli gert sér grein fyrir mikilvægi þess að þróa og meta félags- og umhverfislega mælikvarða sem gefa betri vísbendingar um þessa þætti. Hvað við mælum, hvernig við setjum það fram og hvernig við fjöllum um það hefur áhrif á hvernig við upplifum og metum samfélagið. Þeir mælikvarðar sem stjórnvöld horfa til við mat á velsæld og lífsgæðum hafa áhrif á hvaða veruleiki blasir við þeim og þar með stefnumótun, ákvarðanatöku og ekki síst forgangsröðun fjármuna. Íslensk stjórnvöld eru þátttakendur í hópi ríkja um sk. velsældarhagkerfi sem hafa það að markmiði að dýpka skilning á hugtakinu velsæld og innleiða það í stefnumótun og áherslur í ríkisfjármálum. Sem liður í því var nýlega birt skýrsla með tillögum að mælikvörðum um hagsæld og lífsgæði fyrir Ísland⁵. Þar er skilgreint safn 39 mælikvarða í þremur yfirflokkum, félagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum, sem lýsa eiga stöðu og þróun á hverju sviði og gefa vísbendingu um hvort hagsæld og lífsgæði hafi aukist, staðið í stað eða dalað yfir tíma. Félagslegir mælikvarðar ná til heilsutengdra þátta s.s. lífslína

⁵ Mælikvarðar um hagsæld og lífsgæði. Forsætisráðuneytið, september 2019.
<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=b31679a7-d638-11e9-944d-005056bc530c>


og aðgengis að lækniþjónustu, menntunar, félagsauðs, s.s. kosningaþátttöku og trausts, öryggis og jafnvægis milli vinnu og einkalífs. Efnahagslegir mælikvarðar meta gang hagkerfisins þ.m.t. hagvöxt og verðbólgu, atvinnu, húsnæði og tekjur og umhverfislegir mælikvarðar ná til loftgæða, lands, orku og úrgangs og endurvinnslu. Við samsetningu og val á mælikvörðum er að mörgu að hyggja, t.d. er mikilvægt að til séu eða hægt sé að safna áreiðanlegum gögnum með reglubundnum hætti yfir tíma, gögnin séu aðgengileg tímanlega svo þau nýtist sem skyldi við ákvarðanatöku. Mælikvarðar sem þessir verða heldur ekki endanlegir heldur þarf að þróa og endurskoða þá með tilliti til samfélagsbreytinga á hverjum tíma. Lykilatriði er að hægt sé að skoða mælikvarðana út frá mismunandi þjóðfélags- og tekjuhópum enda eru áhrif breytinga og pólitískra ákvarðana sjaldnast hin sömu fyrir alla hópa.

Það er fátt nýtt í þeirri hugmynd að mæla þurfi árangur samfélagsins á mörgum sviðum og það er að sjálfsögðu gert nú þegar hjá hinum ýmsu stofnunum og embættum. Sú nálgun að taka saman með skipulögðum hætti mælikvarða úr mismunandi þáttum með það að markmiði að fá fyllri mynd af þróun hagsældar og lífsgæða gefur hins vegar tækifæri til þess að horfa heildstætt á stöðuna að teknu tilliti til fleiri þátta en venja er. Til að árangur náist við að færa okkur úr þröngu sjónarhorni hagvaxtar yfir í breiðari sýn velsældar og lífsgæða þarf sæmileg sátt að ríkja um þá mælikvarða sem horft er til og stjórnvöld þurfa að skuldbinda sig til þess að nota niðurstöðurnar til að taka betri ákvarðanir.

Þá er vissulega áhugaverð tilhugsun að útvíkka hinar hefðbundnu hagspár sem við notum til að meta stöðu efnahagslífsins fram í tímann að gefnum ákveðnum forsendum yfir í að áætla þróun lífsgæða og velsældar á komandi árum. Við erum ekki komin svo ýkja langt en slíkar spár hefðu án efa áhrif á þjóðfélagsumræðuna og hina pólitísku orðræðu.

Verðbólguhorfur batnað og vextir lækkað

Mynd 12. Verðbólga




Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólga mældist að jafnaði um 2,7% á síðasta ári og var það í fyrsta sinn frá árinu 2013 sem verðbólga var yfir markmiði Seðlabankans á ársgrundvelli. Sé horft fram hjá áhrifum húsnæðisverðs mældist verðbólga hins vegar einungis 0,9% á síðasta ári, en á árunum 2016–2017 ríkti verðhjöðnun þegar húsnæði er undanskilið.

Verulega dró úr hækkunum húsnæðisverðs á síðasta ári en á sama tíma voru merki um aukinn undirliggjandi verðbólguþrýsting. Gengi krónunnar veiktist á haustmánuðum síðasta árs og hækkaði gengisvísitalan um 11% á síðari helmingi ársins 2018. Áhrifin komu fram í verðlagsmælingum, en verðbólga án húsnæðis mældist 2,7% í desember á síðasta ári meðan að í upphafi þess árs mældist 0,9% verðhjöðnun án húsnæðis. Seðlabankinn brást við með hækkun stýrivaxta í nóvember 2018 um 0,25 prósentustig og voru uppi áhyggjur um vaxandi verðbólgu í yfirlýsingu peningastefnunefndar. Var sérstaklega vísað til versnandi verðbólguvæntinga og óvissu um niðurstöðu kjarasamninga á vinnumarkaði.


Kjarasamningar verka- og verslunarfélks á almennum vinnumarkaði voru undirritaðir í byrjun apríl og var markmið þeirra m.a. að skapa svigrúm til vaxtalækkana. Verðbólga mældist 3,25% á fyrri helmingi þessa árs og er útlit fyrir að hún hafi náð hámarki í maí þegar ársverðbólga mældist 3,6%. Peningastefnunefnd ákvað á fyrsta fundi eftir undirritun kjarasamninga að lækka stýrivexti um 0,5 prósentustig. Í yfirlýsingu nefndarinnar kom fram að niðurstaða kjarasamninga hefði verið í betra samræmi við verðbólgu markmiðið en búist var við. Síðan hafa vextir lækkað í þrígang um 0,25 prósentustig og eru meginvextir Seðlabankans í dag 3,25%. Í yfirlýsingu peningastefnunefndar frá 2. október er bent á að efnahagssumsvif hafi verið þróttmeiri en gert hafði verið ráð fyrir en vakin er athygli á vaxandi óvissu, sérstaklega í alþjóðlegum efnahagsmálum, sem gætu dregið úr hagvexti hraðar en búist var við.

Mynd 13. Stýrivextir



Heimild: Seðlabanki Íslands

Mynd 14. Verðbólga



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ


Verðbólguhorfur hafa batnað undanfarin misseri og er útlit fyrir að verðbólga hjaðni á spátímanum. Niðurstaða kjarasamninga ætti jafnframt að skapa forsendur fyrir stöðugu verðlagi. Umsvif á húsnæðismarkaði hafa minnkað og útlit fyrir að litlar breytingar verði á húsnæðisverði á næstu misserum. Spá hagdeildar gerir ráð fyrir að gengi verði stöðugt á spátímanum en um það ríkir líkt og áður óvissa. Veiking á gengi krónunnar myndi að líkindum setja þrýsting á verðlag, sérstaklega á innfluttum vörum. Spá hagdeildar gerir ráð fyrir 3% verðbólgu á þessu ári og að áfram muni draga úr verðbólgu á næstu árum, hún verði 2,8% á næsta ári og 2,7% árið 2021.

Vinumarkaður lagar sig að óvissu

Ýmis teikn eru um að hægja sé á vinnumarkaðnum eftir mikinn uppgangstíma. Atvinnuleysi er að aukast, meðal þeirra sem eldri eru hefur dregið úr atvinnuþátttöku, hægt hefur mjög á fjölgun starfa og sjá má að launafólki fækkar á ákveðnum sviðum.

Mynd 15. Atvinnuleysi

Eftir ársfjórðungum




Heimild: Hagstofa Íslands



Atvinnuástandið hefur verið hagfellt undanfarin ár en atvinnuleysi tók að aukast á fyrri hluta þessa árs. Á öðrum ársfjórðungi mældist atvinnuleysi 4,4% borið saman við 3,6% á sama tíma í fyrra. Miðað við bráðabirgðatölur frá Hagstofunni um atvinnuleysi í júlí og ágúst lítur út fyrir að talsverð aukning verði í atvinnuleysi á þriðja ársfjórðungi 2019. Atvinnuleysi er heldur meira meðal karla en kvenna. Á 2. ársfjórðungi 2019 var atvinnuleysi meðal karla 4,9% samanborið við 3,9% árið áður. Meðal kvenna fór atvinnuleysi á 2. ársfj. úr 3,2% á árinu 2018 í 3,8% í ár. Eini aldurshópurinn þar sem dregið hefur úr atvinnuleysi milli ára er 55–74 ára sem kann m.a. að skýrast af því að dregið hefur úr atvinnuþátttöku í aldurshópnum meðan atvinnuþátttaka annarra aldurshópa jókst lítillega.


Mynd 16. Atvinnuleysi eftir landssvæðum



Heimild: Vinnuástandstofnun

Aukið atvinnuleysi hefur ekki lagst jafnt yfir landið. Þyngst hefur það lagst á Suðurnesin, þar sem atvinnuleysi var 6,3% í september. Næstmest er atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu, 4%. Á landsbyggðinni, að Suðurnesjum frátöldum, annaðhvort jókst atvinnuleysi ekki að ráði undanfarna 12 mánuði eða að það dró aftur úr því með sumrinu í árstíðasveiflu atvinnuleysis. Hvort tveggja á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum minnkaði atvinnuleysi ekki að ráði yfir sumarmánuðina í ár eins og vant er í árstíðasveiflu þess. Næstu mánuði er því hætt við að atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum aukist áfram umfram önnur landsvæði.


Mynd 17. Atvinnulausir eftir lengd atvinnuleysis



Heimild: Vinnumálastofnun

Undanfarið árið hefur jafnt og þétt aukist í hópi atvinnulausra til lengri tíma en 6 mánaða. Þeir sem missa starf eru lengur að komast í nýtt, merki um að tekið sé að hægja á vinnumarkaðnum. Meðan dró úr atvinnuleysi þeirra sem höfðu verið atvinnulausir 6 mánuði eða skemur í sumar gerðist það ekki hjá þeim sem lengur höfðu verið atvinnulausir.

Mynd 18. Atvinnuþátttaka 2003 - 2019




Heimild: Hagstofa Íslands

Eftir 5 ára tímabil af vaxandi atvinnuþátttöku dró nokkuð skarpt úr þátttökunni milli áronna 2017 og 2018. Frá sumrinu 2018 hefur 12 mánaða meðaltal atvinnuþátttöku verið rétt undir 82% sem jafngildir meðaltals atvinnuþátttöku síðastliðin 15 ár. Ágústmæling Hagstofu Íslands á atvinnuþátttöku gefur þó vísbendingu um að hægjast sé á vinnumarkaðnum. Óstaðfest bráðabirgðamæling fyrir ágúst sýnir 79,5% atvinnuþátttöku í mánuðinum. Frá upphafi mánaðarlegrar birtingar á tölum úr vinnumarkaðsrannsókninni á árinu 2003 hefur atvinnuþátttaka einungis einu sinni mælst minni í ágúst, það var árið 2012 þegar atvinnuþátttaka í mánuðinum var 79%.

Mikið af erlendu starfsfólki hefur komið til landsins undanfarin ár. Óljóst er hver viðbrögð verða við þeim sviptingum sem orðið hafa í ferðapjónustu en frá desember 2018 til september 2019 fjölgaði áfram í hópi erlendra ríkisborgara hér á landi, um 7,7%. Erlendir ríkisborgarar eru nú tæplega 48 þúsund sem jafngildir um 13% af 362 þúsundum íbúum landsins samkvæmt gögnum frá Þjóðskrá.

Mynd 19. Meðalfjöldi starfandi


Á fyrstu 8 mánuðum hvers árs



Heimild: Hagstofa Íslands

Að meðaltali hafa tæplega 202 þúsund manns verið starfandi á árinu skv. vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Það er 1,8% aukning miðað við sömu mánuði árið 2018 sem er minnsta aukning frá árinu 2012. Setja verður þó þann fyrirvara við rýni á vinnumarkaðsrannsókninni að hún nær ekki nægilega vel til fólks af erlendum uppruna sem hefur fjölgað sérstaklega mikið á vinnumarkaði.

Mynd 20. Atvinnuleysi



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Þó enn eigi eftir að koma í ljós hver þróunin verður á síðustu 3 mánuðum ársins hefur þegar verið tilkynnt um fleiri hópuppsagnir til Vinnuálastofnunar en á öllu árinu í fyrra og fleira fólk misst störf í þeim. Það sem af er ári hefur 941 verið sagt upp störfum í 17 hópuppsögnum en í fyrra misstu 864 starfið



í 15 hópuppsögnum. Rúmur helmingur, 540 manns, var starfandi í flutningum og samgöngum, sem flugsamgöngur falla m.a. undir.


Vinnumálastofnun heldur einnig utan um fjölda starfsmannaleiga og starfsmanna þeirra. Árið 2018 voru starfsmenn þeirra kringum 1700 fram að haustinu þegar fækkaði nokkuð skarpt. Á þessu ári hafa starfsmenn starfsmannaleiga stöðugt verið rétt um 1000. Svo virðist sem talsvert hafi dregið úr þörf á og eftirspurn í þjónustu starfsmannaleiga. Spá hagdeildar gerir ráð fyrir að atvinnuleysi verði að jafnaði 3,5% á þessu ári og að jafnaði 4,2% á árunum 2020–2021.

Spenna hverfur af vinnumarkaði

Á vormánuðum 2019 gerðist það í fyrsta sinn síðan 2010 að launafólki, skv. staðgreiðsluskrá RSK, fækkaði miðað við sama mánuð árinu áður. Hægja tók á fjölguninni sumarið 2017 og snerist það á árinu í fækkun þeirra þegar sömu mánuðir eru bornir saman milli ára. Enn sem komið er hefur fækkunin verið nokkuð hófleg, sérstaklega í samanburði við þá miklu fjölgun sem verið hefur undanfarin ár, en fækkunin hefur numið um einu prósentu milli ára nokkra mánuði ársins.

Mynd 21. Fjöldi launafólks

Breyting á milli ára - Allar atvinnugreinar




Heimild: Hagstofa Íslands

Ef einblínt er á viðskiptahagkerfið, sem undanskilur störf í opinberri þjónustu, eru sveiflur undanfarinn áratug meiri. Fjölgun launafólks var hraðari, 12 mánaða meðaltal fór mest í um 7,5% árið 2017 og viðsnúningurinn síðan hefur verið meiri. Það sem af er ári hefur launafólki í viðskiptahagkerfinu að meðaltali fækkað um 2% borið saman við sama mánuð árinu áður. Þar sem þróunin hefur verið misjöfn milli geira atvinnulífsins er áhugavert að rýna betur þá geira viðskiptahagkerfisins sem hafa verið sérstaklega umsvifamiklir undanfarin ár.

Mynd 22. Fjöldi launafólks


Breyting á milli ára - Viðskiptahagkerfið



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 23. Fjöldi launafólks

Breyting á milli ára - Einkennandi greinar ferðabjónustu




Heimild: Hagstofa Íslands

Mestar sveiflur hafa verið í einkennandi greinum ferðabjónustunnar, sem samanstendur m.a. af veitinga- og gistiþjónustu, farþegaflutningum með flugi og ferðaskipuleggjendum. Vöxturinn í ferðabjónustu hefur kallað á fjölgun starfsfólks og fór 12 mánaða meðaltalsfjölgunin mest í tæp 20% árið 2017. Síðan hægði nokkuð hratt á fjölguninni og frá febrúar í ár hefur fækkað í hverjum mánuði borið saman við sama mánuð árinu áður.

Með fjölgun ferðamanna undanfarin ár hefur verið mikill uppgangur í gistinga- og veitingarekstri. Launamenn í einkennandi greinum ferðabjónustu fóru úr því að vera 10 þúsund árið 2010 í 32 þúsund haustið 2018. Þannig störfuðu um 7% alls launafólks hér á landi í greininni fyrir um áratug en nú starfa um 16% á þessum vettvangi. Samhliða þessu hefur hlutdeild starfsfólks ferðabjónustunnar í atvinnuleysi á hverjum tíma farið vaxandi. Þangað til á síðasta ári fylgdust hlutdeild starfandi í gistinga- og veitingarekstri vel að við hlutdeild starfsfólks í þeim geirum á atvinnuleysisskrá. Nú hefur þó skilið á milli, hlutdeild starfsfólks í gistinga- og veitingageiranum hefur farið vaxandi af atvinnuleysi á sama tíma og fækkað hefur í greinunum.

Mynd 24. Gisti- og veitingarekstur


Fjöldi starfa og atvinnuleysi



Heimild: Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun

Mynd 25. Fjöldi launafólks

Breyting á milli ára - Mannvirkjagerð




Heimild: Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun

Uppgangi ferðapjónustunnar og aukinni spurn eftir íbúðarhúsnæði hefur fylgt mikill vöxtur í byggingargeiranum undanfarin ár. Fjöldi launafólks hefur vaxið nær stöðugt frá árinu 2012 þar til nú í ágúst þegar færri störfuðu í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð heldur en í ágúst í fyrra. Eftir hrun bitnaði atvinnuleysi sérstaklega á þeim sem komu úr byggingargeiranum. Eftir að störfum tók að fjölga í geiranum eftir árið 2012 hefur myndast nokkuð gott jafnvægi milli hlutdeildar byggingargeirans af starfandi og af þeim sem eru atvinnulausir.

Atvinnuleysi í byggingargeiranum birtist að jafnaði þannig að atvinnuleysi minnkar á fyrri hluta árs og fram að hausti en eykst á ný yfir vetrarmánuðina. Það sem af er ári hefur ekki gætt neinnar sveiflu í atvinnuleysi innan byggingargeirans, ekki dró úr atvinnuleysi yfir vor- og sumarmánuðina heldur hefur það verið nokkuð stöðugt um 7%. Vænta má þess að atvinnuleysi í byggingargeiranum aukist umfram hina hefðbundnu árstíðasveiflu á næstu mánuðum.

Mynd 26. Störf og atvinnuleysi í byggingageira



Heimild: Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun